




Árs- skýrsla 2022

Öryggi í samgöngum

Kjarninn í starfsemi Samgöngustofu er öryggi í samgöngum. Markmiðin ættu alltaf að vera framfarir milli ára og að staða okkar sé hið minnsta jafngóð og þeirra þjóða sem fremstar standa. Þáttur í þeirri vegferð er að stuðla sem best að öryggi fólks á ferðinni, óháð samgöngumáta. Margt hefur áunnist en alltaf má gera betur.

Samgöngustofa starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og alþjóðaskuldbindingum sem gilda á hverjum tíma. Stofnunin hefur það hlutverk að stuðla að öruggum samgöngum að teknu tilliti til þess að þær séu sjálfbærar, greiðar og hagkvæmar og taka um leið mið af þörfum samfélagsins. Á árinu var heildarstefna 2022-2024 kynnt, breytingar gerðar á skipulagi til að styðja við stefnumótun og skipulögð innleiðing hófst. Sjá nánar á stefnuvef Samgöngustofu, stefna.samgongustofa.is.

Nýtt skipurit hefur það að markmiði að auka samlegð með fækkun deilda, styrkja samræmi milli einstaka fagsviða en mæta um leið ólíkum áskorunum




í starfseminni. Framtíðarsýnin vísar til þess að Samgöngustofa ætlar að vera samferða, bæði ytri hagaðilum og starfsfólki í að gera gott samfélag enn betra og öruggara í okkar helstu samgöngumátum.

Stefnuáherslurnar eru fjórar, byggjast á meginverkefnum stofnunarinnar og snúa að skilvirkri stjórnsýslu, markvissri þjónustu og upplýsingamiðlun, faglegum leyfisveitingum og eftirliti og öflugu innra starfi. Samhliða var nýr og betri innri vefur tekinn í gagnið, ný ásýnd Samgöngustofu kynnt, svo og siðareglur sem starfsfólk er sammála um að viðhafa í störfum sínum og endurspegla gildi stofnunarinnar: Jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

Ég þakka starfsfólki Samgöngustofu kærlega fyrir vel unnin störf og samvinnu ársins 2022.

Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu



Skipulag og mannauður

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012 og heyrir undir innviðaráðuneytið. Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri Samgöngustofu er Jón Gunnar Jónsson.

Nýtt skipurit Samgöngustofu tók gildi á miðju ári. Það samanstendur nú af fimm sviðum; flug, siglingar, umferð, stjórnsýsla og skrifstofa forstjóra.

Mannauðsstefna Samgöngustofu styður við markmið stofnunarinnar og byggir á gildum hennar. Áhersla er lögð á velliðan starfsfólks, starfsaðstöðu og starfsánægju. Í könnun um stofnun ársins sem gerð var síðla árs 2022 kom í ljós að starfsfólk er ánægt með m.a. sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, starfsanda og jafnrétti kynja. Aftur á móti mætti bæta vinnuskilyrði og þá einkum loftgæði. Fjórar reglubundnar mannauðsmælingar voru gerðar á vegum stofnunarinnar sjálfrar á árinu. Unnið er markvisst með niðurstöðurnar á hverju starfsviði fyrir sig og hafa úrbætur skilað bættum árangri í öllum lykilþáttum könnunarinnar.

Stefna stofnunarinnar er að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafna launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf svo enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Þann 1. janúar 2021 innleiddi Samgöngustofu betri vinnutíma með markmiði um m.a. umbætur, sveigjanleika og nýtingu. Margvísleg umbótaverkefni í tengslum við stefnumótun hafa stutt við innleiðinguna, aukið skilvirkni og bætt gæði. M.a. má nefna ferlagreiningu og staðlað skilgreint verklag, stafrænar lausnir og aukna áherslu á verkefnastýringu.

Ársverk ársins 2022 voru 139. Fjöldi starfsfólks í árslok var alls 143, 41% konur og 59% karlar. Fimm starfsmenn hafa starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. Auknir möguleikar til fjarvinnu og reglur um heimildir til heimavinnu nýttast einnig fjölda starfsfólks sem er búsett utan höfuðborgarsvæðisins en sækir vinnu til Reykjavíkur.

Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlitsmanna eru iðulega skilgreindar í reglugerðum, eru oft mjög sérhæfðar og þeim fylgt eftir í úttektum erlendra aðila. Á árinu voru sótt ýmis námskeið í öllum greinum samgangna.



Starfsemin

Samgöngustofa fer með stjórnýsly flugmála, siglingamála og hafna, umferðar- og vegamála. Stofnunin annast eftirlit, þ.m.t. ýmsar mikilvægar úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Í starfseminni felast einnig samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnýsly í flug- og siglingamálum getur haft bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi. Samgöngustofa sér um undirbúning og innleiðingu laga og reglna á starfsviði stofnunarinnar, fer með gerð öryggisáætlana í öllum samgöngugreinum og sinnir fræðslu sem er m.a. skilgreind út frá greiningu á atvikum og slysum.

Skráningar, leyfisveitingar, fræðsla og forvarnir, eftirlit og úttektir leggja grunninn að samgönguöryggi og umfang þeirra starfa helst í hendur við þarfir samfélagsins.

Hjá Samgöngustofu eru haldnar lögbundnar skrár um farartæki á Íslandi, þ.e. ökutæki, skip og loftför. Þá fer umsýsla og skráning farartækja fram hjá stofnuninni. Skrárnar geyma fjölbreyttar upplýsingar líkt og um skrásetningarskirteini farartækja, eignarhald og tæknilegar upplýsingar.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægur hluti af starf-

seminni vegna verkefna á lögbundnum starfsviðum í þágu samgönguöryggis og gagnkvæmrar viðurkenningar á skirteinum einstaklinga og starfsleyfum fyrirtækja. Samgöngustofa leggur áherslu á að skapa og viðhalda umhverfi fyrir íslensk fyrirtæki sem gerir þeim kleift að starfa á alþjóðlegum vettvangi í virkri samkeppni við erlend fyrirtæki.

Samgöngustofa tekur þátt í stjórnun og rekstri ýmissa alþjóðastofnana á sviði samgangna og er þátttakandi í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem varðar samgönguöryggi í umferð, flugi og siglingum. Samgöngustofa er undir eftirliti erlendra stofnana sem gera reglubundnar úttektir á stjórnýsly og framkvæmd eftirlits með lögbundinni starfsemi.

Í september var undirritaður aðlögunarsamningur Íslands um aðild að Eurocontrol. Henni fylgir aukin þátttaka og samvinna auk aðgangs að margvíslegri þjónustu.

Samgöngustofa á aðild að starfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), í rekstri norrænnar skrifstofu (Nordicao) hjá ICAO í Montréal. Í lok september fóru fram kosningar í aðalráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Ísland var þar í framboði fyrir hönd Nordicao og hlaut kosningu. Íslenski fulltrúinn skipar því eitt af 36 sætum aðalráðsins fram til næsta aðalþings haustið 2025.



Betri og skilvirkari opinber þjónusta

Hjá Samgöngustofu eru haldnar lögbundnar skrár um farartæki á Íslandi, þ.e. ökutæki, skip og loftför. Þá fer umsýsla og skráning farartækja fram hjá stofnuninni. Skrárnar geyma fjölbreyttar upplýsingar líkt og um skrásetningarskrirteini farartækja, eignarhald og tæknilegar upplýsingar.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þróun rafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu á vef stofnunarinnar til hagsbóta fyrir almenning og hagaðila sem sækja þjónustu og njóta öryggiseftirlits Samgöngustofu. Mikil tækifæri liggja í stafrænni vegferð, samstarfi um tæknilegar lausnir og samnýtingu innviða sem eykur og jafnar aðgengi viðskiptavina að upplýsingum, gögnum og þjónustu.

Rekstur Skútunnar er í undirbúningi og mun hefjast vorið 2023. Skútan heldur utan um skipaskrá, skírteini og lögskráningar. Þar verður hægt að skrá skoðanir skipa rafrænt sem auðveldar utanumhald og eykur öryggi í framkvæmd skoðana.

Umfangsmikil vinna við stafrænan ökunámsferil stendur yfir, í samstarfi við innviðaráðuneyti, Stafrænt Ísland, Ríkislögreglustjóra og sýslumenn. Markmiðið er að efla þjónustu, auka gæði og öryggi gagna, minnka pappír og fækka bílferðum notenda. Á árinu voru fleiri rafrænar umsóknir og staðfestingar vegna almennra ökuréttinda þróaðar og unnið að innleiðingu. Eiga nú allir ökunemar til almennra

ökuréttinda stafræna ökunámsbók og hófst innleiðing hennar hjá hagaðilum. Þá var unnið að undirbúningi fyrir rafræn ökuþróf og vali á þrófökukerfi.

Gengið var til samstarfs við Stafrænt Ísland um flutning á vef Samgöngustofu á Ísland.is. Vinnan hófst í árslok og er gert ráð fyrir að henni ljúki á árinu 2023. Þörfin um breytingar hefur legið fyrir um nokkurt skeið, því núverandi vefur er kominn til ára sinna og þjónustuaðilinn hættur að uppfæra vefumsjónarkerfið. Meðal þeirra kosta sem vænst er að muni fylgja verkefninu er betra aðgengi fyrir notendur, hagkvæmni og samnýting á þekkingu og tæknilegum lausnum.

Meðal annarra samstarfsverkefna með Stafrænu Íslandi má nefna að eigendaskipti einstaklinga og upplýsingar um ökutæki og ökutækjaferil auk uppflettinga í ökutækjaskrá hafa verið gerð aðgengilegar á Mínun síðum á Ísland.is.

Endurgjafar frá viðskiptavinum er afað til að greina betur tækifæri til úrbóta. Stofnunin tekur þátt í samræmdri þjónustukönnun fyrir opinbera þjónustu. Einnig eru eigin reglubundnar viðhorfskannanir gerðar meðal viðskiptavina, í samstarfi við Gallup og niðurstöðurnar nýttar til umbóta. Meðal annars voru á árinu skipulögð þjónustunámskeið fyrir allt starfsfólk Samgöngustofu, skipt eftir sviðum.



Loftslagsmál


Loftslagsmál eru vaxandi málaflokkur á heimsvísu. Losun vegna alþjóðaflugs og -siglinga eru ofarlega í umræðunni um aðgerðir til að standa við skuldbindingar þjóða samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Undir forystu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) eru uppi áform um að innleiða viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir með langtímamarkmiði til ársins 2050 um samdrátt í losun. Innan Evrópu er unnið að innleiðingu viðskiptakerfa fyrir losunarheimildir, annars vegar CORSIA og hins vegar ETS, en það síðarnefnda getur skaðað samkeppnistöðu Íslands. Því þarf bæði að tryggja framkvæmd verkefnisins og styðja um leið jafnræði milli þjóða. Ásamt ráðuneytum og öðrum stofnunum hefur Samgöngustofa unnið að því verkefni, sem og öðrum sem varða umhverfismál farartækja.

Fyrsta rafmagnsflugvélin var skráð hjá Samgöngustofu í mars og fékk hún lofthæfivottorð í júní. Með skráningu vélarinnar var stigið mikilvægt skref við þróun orkuskipta í flugi.

Möguleikar um nýorku fyrir fiskiskip voru nefndir í skýrslu starfshóps árið 2021 um græn skref í

sjávarútvegi. Af þeim orkugjöfum skorar lífdísil hátt þegar tekið er tillit til framboðs, innviða, kostnaðar, vélbúnaðar og samdráttar í losun.

Umtalsverð losun tengist samgöngum á landi eða um 30% af því sem telst á ábyrgð Íslands. Stjórnvöld leggja áherslu á verkefni sem draga úr henni. Á árinu 2022 voru nýskráningar bifreiða sem ganga eingöngu fyrir rafmagni rúm 30%, en einnig mikið um nýskráningar tengiltvinnbíla sem tengja má við rafmagn.



Hlutverk vinnuhóps í umhverfismálum er að efla þekkingu starfsfólks um umhverfismál og stuðla að vistvænni rekstri til samræmis við loftslagsstefnu stjórnvalda. Verkefnin tengist samfélagslegri ábyrgð, en stofnunin er aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.



Öryggisáætlanir


Flugöryggisáætlun er kerfislýsing á reglubundnu flugöryggisstarfi Samgöngustofu og verkefnaáætlun þar sem skilgreind eru stök verkefni sem miða að því að auka enn á flugöryggi. Verkefnaáætlunin gildir frá 2022-2026.

Samgöngustofa innleiðir alþjóðlegar reglur, skráir flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greinir þau og miðlar fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfishöfum flugleiðsögu og skirteinishöfum ber að tilkynna öll flugatvik og flugslys sem verða í flugi eða flugleiðsögu. Tilgangurinn með skráningunni er að greina gerð atvika, vettvang og aðstæður svo stuðla megi

að því með eftirliti og fræðslu að sambærileg slys eða atvik endurtaki sig ekki. Slys í flugi eru fátíð en skráningarskyld flugatvik, sem hægt er að læra af, eru fleiri.

Árið 2022 varð eitt flugslys og létust þar fjórir. Alvarleg atvik í flugi voru þrettán, fjögur í almannaflogi og níu í flutningaflugi.

Markmið áætlunarinnar eru að flugslysum og alvarlegum atvikum fækki í flutningaflugi loftfara skráðum á Íslandi um 3% á ári, mælt á hverjar 10.000 flughreyfingar og í almannaflogi um 10% á ári.



Í **umferðaröryggisáætlun** eru settir fram mælikvarðar og markmið um að bæta þá hegðun sem stuðlar hvað mest að slysum í umferð, þ.á.m. hraðakstur, ölvunarakstur, símanotkun undir stýri og skort á notkun sætisbelta. Upplýsingar úr slysskráningu eru nýttar til grundvallar forvarna og betrumbóta á vega- og gatnakerfi þar sem slyshætta skapast. Í verkefnum ársins var áfram lögð áhersla á beltanotkun, auk forvarna gegn ölvunar-

akstri. Einnig var öryggisefni beint til erlends ferðafólks, m.a. í samvinnu við Landsbjörgu, ný fræðslumynd um akstur eftirvagna framleidd, endurskinsmerkjum dreift um landið og ýmsar kannanir í þágu umferðaröryggis gerðar. Af öðrum fjölbreyttum verkefnum ber að nefna umferðarþing sem haldið var í september, en að þessu sinni var þar lögð áhersla á umferð gangandi og hjólandi.

Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2037:

1. Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa á tímabilinu.
2. Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2037.

Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmarkmið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf.


		Markmið 2022	Rauntölur 2022	Niðurstaða 2022
	Látnum og alvarlega slösuðum fækki árlega um 5%.	156	204	+31%
a.	Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni.	1,0	0	-100%
b.	Ekki verði banaslys sem rekja má til vanrækslu á notkun öryggisbelta.	3,2	1	-68%
c.	Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki árlega um 5%.	9	9	-3%
d.	Ungum öikumönnum, 17–20 ára, sem eiga aðild að alvarlegum slysum og banaslysum fækki árlega um 5%.	21	18	-15%
e.	Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki árlega um 5%.	16	22	+34%
f.	Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	21	19	-8%
g.	Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	26	82	+210%
h.	Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi fækki árlega um 5%.	13	20	+60%
i.	Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ferðamönnum á hverja 100.000 erlenda ferðamenn fækki árlega um 5%.	2	1,18	-38%
j.	Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki árlega um 5%.	33	36	+10%
k.	Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeyrsla fækki árlega um 5%.	12	11	-6%

Myndin sýnir stöðu yfirmarkmiðs 2 og undirmarkmiða árið 2022.

Marmið **áætlunar um öryggi sjófarenda** er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Meginmarkmiðið er að fækka slysum á sjó. Engin dauðaslys urðu árin 2008, 2011, 2014 eða á árunum 2017-2021. Hins vegar létust tveir til sjós árið 2022. Áfram er stefnt að því að öryggi íslenskra skipa verði eins og best gerist hjá öðrum þjóðum.

Helstu verkefni snúa að menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttöku í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð auk rannsókna- og þróunarverkefna.

Á árinu voru m.a. gefin út ný veggspjöld með yfirskriftinni 12 hnútar, eitt fyrir hvern mánuð ársins. Eru þar tilteknir þeir mannlegu brestir sem leitt geta til slysa og hvernig hægt er að koma í veg fyrir slys vegna þeirra. Einnig var auglýsingum varðandi áhættuþætti á borð við ofhleðslu báta og ofþreitu miðlað til sjómanna. Kynning á öryggishandbók fyrir fiskiskip hófst á árinu. Atvikaskráningarkerfi sem VÍS gaf RNSA í fyrra var gert aðgengilegt. Veittur var styrkur til þriggja verkefna. Eitt snýr að öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip en hin tvö að notkun sýndarveruleika, annars vegar til öryggisþjálfunar um borð og hins vegar þjálfun við hafnir.




Skráð slys á sjómönnum 2012-2022



Samgöngustofa annast stjórnsýslu og stefnu-mótun umferðar á vegum sem byggir á evrópskum reglugerðum en einnig eru í gildi séríslenskar reglur. Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi þeirra fjögurra fyrirtækja sem sjá um skoðanir ökutækja og hafa gilt starfsleyfi. Hún annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleiga.


Meðal breytinga á regluverki var fjölgun leigubifreiðaleyfa á höfuðborgarsvæðinu og síðar samþykkt laga um leigubifreiðaakstur, sem taka eiga gildi 1. apríl 2023. Skoðunarstofum var send ný skoðunarhandbók til yfirferðar, til samræmis við nýja reglugerð um skoðun ökutækja. Þá var uppfærð reglugerð með skýrum ákvæðum um sjálfstætt eftirlit Samgöngustofu með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja. Metin voru áhrif fjölda Evrópu-gerða og tilskipana og gerð drög að innleiðingu í íslenskt regluverk.

Gild atvinnuleyfi til leiguaksturs



Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu ökuskóla og ökugerða og hefur umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu. Á árinu skiluðu 234 ökukennarar nemendum til ökuþrófs. Alls 5.895 nemendur luku prófi til almennra ökuréttinda en rúm 12% stóðust ekki verklegt ökuþróf.

Fjöldi staðinna verklegra prófa til almennra ökuréttinda



Nortype er samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands um gagnagrunn yfir tækniupplýsingar ökutækja. Við nýskráningu heildargerðarviðurkenndra ökutækja eru upplýsingar þaðan notaðar sem tryggir að eingöngu séu skráð ökutæki sem uppfylla evrópskar kröfur um gerð og búnað. Árið 2022 voru skráðar 1.920 gerðarviðurkenningar með samtals 1.191.109 útgáfum ökutækja.

Nortype hefur unnið að kerfi sem hægt er að nota til að sannreyna rafræn upprunavottorð ökutækja (eCoC vottorð) til að auka gæði og stytta skráningartíma. Reiknað er með að kerfið verði tekið í notkun á árinu 2023.




Samgöngustofa sinnir stjórnsýslu, heimildaveitingum og eftirliti með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri, á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd flugprófa og gefur út skirteini fyrir m.a. flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja. Stofnunin sér m.a. um hlaðskoðanir á erlendum loftförum með viðkomu á íslenskum flugvöllum. Unnið var að innleiðingu krafna ESB um áfengis- og vímuefnaprófanir sem framkvæmdar eru á áhöfnum flugrekenda.

Samgöngustofa hefur hlutverk um eftirlit með framkvæmd flugleiðsögu á N-Atlantshafi og fer með skipulag loftrýmisins. Í lok ársins var umferðarmagn í íslenska flugstjórnarsvæðinu komið í yfir 95% af því sem það var fyrir heimsfaraldur. Á árinu var veitt leyfi fyrir fyrsta geimskotinu á Íslandi, sem var tilraunaskot á vegum bresks fyrirtækis.


Ný lög um loftferðir tóku gildi. Helstu breytingar snúa að stjórn flugmála og eftirliti en einnig efnisákvæðum til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands.

Evrópureglur um starfrækslu ómannaðra loftfara tóku gildi í Evrópu árið 2019. Innleiðing héraðs hefur tafist og gerðirnar enn ekki verið teknar upp í EES-samninginn. Var því enn stuðst við íslenskar reglur. Gert er ráð fyrir að Evrópureglurnar verði innleiddar hér á landi árið 2023. Samgöngustofa hefur undirbúið gildistöku gerðanna og þegar tekið í notkun hugbúnað til að halda utan um skráningar, kennslu og próf fyrir umráðendur ómannaðra loftfara.

Fjöldi bóklegra flugmannsprófa



Ástæður kvartana flugfarþega





Samgöngustofa annast stjórnsýsluverkefni siglinga á grundvelli gildandi regluverks. Þau fela í sér skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins.

Samgöngustofa framkvæmir og hefur eftirlit með skoðunum á skipum og gefur út leyfi fyrir farþegaflutninga. Stofnunin fer yfir og samþykkir teikningar skipa og annast útgáfu skipsskírteina. Einnig eru gefin út skírteini fyrir íslenska sjómenn, atvinnukafara, leiðsögumenn skipa og hafnsögu-menn skipa og umsjón höfð með lögskráningu sjómanna.


Aðalskipaskrá er haldin samkvæmt lögum um skráningu skipa. Þar er m.a. að finna upplýsingar um skráningarnúmer, umdæmisnúmer, kallmerki, heimahöfn, smíðastað, gerð, efni, afl og tegund vélar auk annarra upplýsinga.

Sumarið 2022 vakti Samgöngustofa athygli á að staðsetning sjókvíaeldissvæða á siglingaleiðum gæti ógnað siglingaöryggi. Samkvæmt alþjóðasamningum um öryggi mannlífa á hafi skal vinna áhættumat siglinga áður en leyfi fyrir sjókvíaeldi eru veitt.


Ný heildarlög um áhafnir skipa voru samþykkt. Markmið þeirra er að tryggja öryggi áhafna og farþega, efla varnir gegn mengun frá skipum og tryggja m.a. skilvirka menntun og þjálfun áhafna, skírteinisútgáfu, lágmarksmönnun, lögskráningu og bæta vinnuskilyrði áhafna. Lögunum er

einnig ætlað að stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að menntun og störfum um borð í íslenskum skipum.

Fjöldi útgefinna atvinnuskírteina í siglingum



Fjöldi útgefinna haffæriskírteina



Yfirlit um afkomu ársins 2022

Tekjur	2022	2021
Tekjufærsla fjárveitinga	1.332.300.000	1.284.700.000
Seld þjónusta	1.072.893.063	1.034.512.049
Vörusala	297.502.020	151.495.972
Framlög og ýmsar tekjur	17.979.087	17.503.411
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	29.007.733	19.926.524
Tekjur alls	2.749.681.903	2.508.137.956
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakosn.	2.005.659.193	1.886.360.838
Framlög og tilfærslur	916.667	1.500.000
Annar rekstrarkostnaður	710.426.737	636.294.625
Afskriftir	29.007.733	19.926.524
Gjöld alls	2.746.009.330	2.544.081.987
Afkoma fyrir fjármagnsliði	3.672.573	(35.944.031)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	13.913.951	2.794.110
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(2.673.382)	(5.751.276)
Samtals	11.240.569	(2.957.166)
Afkoma ársins	14.913.142	(38.901.197)
Afkoma ársins eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	15.329.809	(37.901.197)
Rekstartilfærslur	(416.667)	(1.000.000)
Samtals	14.913.142	(38.901.197)

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.


Efnahagsreikningur

31. desember 2022

Eignir	2022	2021
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	75.257.337	57.713.922
Farartæki og vélar	12.584.056	15.797.006
Verk í vinnslu, fasteignir	64.688.120	51.168.374
Fastafjármunir samtals	152.529.513	124.679.302
Veltufjármunir		
Birgðir	41.139.948	36.519.370
Viðskiptakröfur	601.307.842	483.808.383
Tengdir aðilar	661.533.221	879.270.475
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	85.251.281	73.764.368
Handbært fé	305.397.179	273.991.037
Veltufjármunir samtals	1.694.629.471	1.747.353.633
Eignir samtals	1.847.158.984	1.872.032.935
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	(22.942.857)	(37.855.999)
Bundið eigið fé	1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé alls	1.511.935.162	1.497.022.020
Skuldir		
Tengdir aðilar	19.835.166	39.863.460
Viðskiptaskuldir	51.271.558	54.973.289
Ýmsar skammtímaskuldir	207.459.712	210.609.047
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	56.657.386	69.565.119
Skuldir samtals	335.223.822	375.010.915
Eigið fé og skuldir samtals	1.847.158.984	1.872.032.935

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.



Samgöngustofa